

116  
22. júní

3. gr.  
Stofnfé sjóðsins að frádregnum erfðafjárskatti er kr. 9000.00.

4. gr.

Sjóðurinn skal vera í vörzlum stjórnarnefndar ríkisspítalanna og ávaxtast í Söfnunarsjóði Íslands. Alla vexti skal leggja við höfuðstólinn, unz sjóðurinn hefur náð þeirri fjárhæð, að telja megi, að hann sé fær um að svara nokkurn veginn rausnarlega tilgangi sínum. Eftir það má verja allt að  $\frac{3}{4}$  ársvaxta samkvæmt ákvæðum 5. gr. Hinn hluta vaxtanna skal enn leggja við höfuðstólinn honum til aukningar. Höfuðstólinn, eins og hann er á hverjum tíma, má aldrei skerða.

5. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja krabbameinssjúklinga þeim til lækningar og aðhlyningar. En verði slíkra styrkveitinga ekki þörf, vegna almennra trygginga eða fjárframlaga hins opinbera, skal í þess stað verja úthlutuðum vöxtum til að styrkja vísindalegar krabbameinsrannsóknir.

6. gr.

Styrkveitingum úr sjóðnum ráða yfirlæknar Landsspítalans og forstöðumaður Rannsóknastofu Háskólans. Verði stofnanir þessar að einhverju eða öllu leyti lagðar niður, taka við úthlutuninni þeir opinberir starfsmenn, er samsvarandi störfum gegna, eftir því sem nánar verður fyrir mælt af stofnun þeirri, er fer með yfirstjórn heilbrigðismála ríkisins. Á samsvarandi hátt fer um það, ef stjórnarnefnd ríkisspítalanna (sbr. 4. gr.) verður lögð niður.

7. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar hans skulu birtir árlega í Lögbirtingablaði.

8. gr.

Skipulagsskrá þessi er að fyrirlagi stofnandans samín af landlækni. Leita skal henni staðfestingar forseta.

117  
25. júní

## SAMÞYKKT

um lokunartíma sölubúða í Þingeyrarkauptúni í Þingeyrarhreppi.

1. gr.

Sölubúðum í Þingeyrarkauptúni skal lokað eftir því sem ákveðið er í 2., 3. og 4. gr. samþykktar þessarar.

2. gr.

Alla virka daga ársins skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 6 síðdegis nema föstudaga kl. 7 síðdegis og þær eigi opnaðar aftur fyrr en kl. 9 árdegis næsta virkan dag. Þó skulu vera þær undantekningar frá þessu, er nú skal greina:

Aðfangadag jóla og gamlárskvöld skal búðum lokað eigi síðar en kl. 5 síðdegis.

Á tímabilinu frá 15. maí til 14. september skal á laugardögum loka sölubúðum eigi síðar en kl. 1 e. h.

Annan tíma árs — vetrarmánuðina — skal lokunartími á laugardögum 117  
vera kl. 5. 25. júní  
Meðan slátrun stendur yfir að haustinu skal búðum lokað kl. 7 síðdegis.

## 3. gr.

Ef skortur er á eldsneyti eða ljósmeti í kaupúninu, eða útlit fyrir að skortur geti orðið á því, er hreppsnefnd heimilt að ákveða, að sölubúðum skuli lengri eða skemmri tíma lokað fyrr en kl. 6 síðdegis og þær opnaðar síðar en kl. 9 árdegis á virkum dögum.

## 4. gr.

Almennu helgidaga, sumardaginn fyrsta, 1. maí, 17. júní, 1. mánudag í ágústmánuði og 1. desember skulu allar sölubúðir lokaðar, ef þessa daga ber upp á virkan dag.

## 5. gr.

Brauðsölubúðum og mjólkurbúðum má halda opnum á almennum helgidögum og öðrum þeim, sem nefndir eru í 4. grein, frá kl. 9 árdegis til kl. 1 síðdegis. eingöngu til sölu á brauðum, kökum, mjólk, rjóma og skyri.

Ákvæði samþykktarinnar ná ekki til lyfjabúða. Þeim er þó óheimilt að selja, eftir lokunartíma sölubúða, nokkurn þann varning, sem ekki má selja nema samkvæmt verzlunarleyfi.

## 6. gr.

Þá, sem komnir eru inn í sölubúð fyrir lokunartíma, er heimilt að afgreiða eftir að lokað er.

## 7. gr.

Eftir lokunartíma sölubúða er óheimilt að selja á götum eða torgum, eða annars staðar utan sölubúða kaupmanna, nokkurn þann varning, sem ekki má selja án verzlunarleyfis. Heimilt er þó að selja bátum eða skipum, eftir lokunartíma, veiðarfæri, salt, kol, olíu og matvæli, svo og bifreiðum benzín og olíu.

## 8. gr.

Lögreglustjóra er heimilt, eftir tillögum hreppsnefndar, þegar sérstaklega stendur á, að veita undanþágu frá samþykkt þessari einstaka tilgreinda daga, og til þess að sala geti farið fram í góðgerðaskyni, eða til ágóða fyrir félög, stofnanir og fyrirtæki, sem að dómi lögreglustjóra horfa til almenningsheilla.

## 9. gr.

Brot á samþykkt þessari varða sektum frá 20 til 500 krónum og renna sektin í sveitarsjóð Þingeyrarhrepps.

Mál út af brotum á samþykkt þessari skal reka sem almenn lögglumál.

Samþykkt þessi, sem gerð er af hreppsnefnd Þingeyrarhrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936 til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 25. júní 1945.*

**Finnur Jónsson.**

*Páll Pálmason.*